

Þar sem hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps í niðurlagi brjefs síns spyr, hvort hún 186
geti vænzt nokkurrar þóknunar fyrir starf það, er hjer ræðir um, vil jeg taka fram, að 29. ágúst.
það er komið undir ákvörðun sýslunefndar og hreppsnefnda, hvort slík þóknun verði veitt
úr hreppssjóði eða sýslusjóði. Hvað landssjóðinn snertir, þá hefir ekki enn verið veitt
neitt fje úr honum til slíks starfs, og gjörði heldur eigi nefndarálit það um þetta mál,
er kom fram í efri deild þingsins ráð fyrir, að hreppsnefndir fengu borgun úr landssjóði
fyrir störf sín í þessu tilliti (Alþingistíðindi 1881 I. bls. 322—324).

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um skipverjaforða af 187
vínföngum. — Í brjefi frá 7. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður spurt, hvort toll skuli 2. sept.
greiða af öli og vínföngum, er talin hafi verið skipverjaforði á 2 skipum, en annað af
þessum skipum, sem var færeyskt fiskiskip, hafi strandað hjer við land og hafi eigandi
þess þareptir látið flytja vínföngin í land, til að eyðast af fiskimönnum hans, er allir búi
á landi. Hitt skipið hafi fyrir danskan stórkaupmann flutt sildarveiðaáhöld og vistir og hafi
vínföng þau, er spurning er um, verið flutt í land og verið höfð handa fiskifólkinu, sem
allt búi á landi.

Fyrir því vil jeg tjá yður, að jeg ekki get sjeð, að nein ástæða sje til þess, að
undanþiggja vörur þessar undan tollgjaldi, og vil jeg leiða þóknanlegt athygli yðar að
brjefi landshöfðingja frá 11. apríl 1876, sem prentað er í stjórnartíðindum s. á. B. 38,
og ber yður og öðrum tollheimtumönnum samkvæmt því að hafa sterkt eptirlit með, að
ákvæðanirnar um skipverjaforða verði ekki notaðar til tollsvika.

Erindisbrjef

188

handa umboðsmanni Arnarstapa og Skógarstrandar jarða og jarðarinnar Hallbjarnareyrar. 14. sept.

1. Umboðsmaðurinn skal sjá um, að umboðsjarðirnar verði bættar og mannvirk-
um á þeim haldið við sbr. 6 gr. ráðgjafarbrjefs 25. maí 1880 (B. 89.) og skal hann að
minnsta kosti einusinni árlega skoða hverja jörð og áminna leiguliða um að bæta það,
sem reynist ábótavant.

Að því er snertir landamerki umboðsjarðanna, ber umboðsmanni að sjá um, að
gætt verði fyrirmæla landamerkjálaga frá 17. marz 1882 (A.5) sbr. brjef landshöfðingja
28. júlí s. á. (B. 167).

2. Landsskuld og leigur skal hann taka á gjalddaga rjettum. Láti leiguliði
farast fyrir að greiða gjöld sín í gjalddaga, skal umboðsmaður sem allra fyrst og síðast
innan 4 vikna eptir gjalddaga gjöra ráðstöfun til, að þau verði tekin lögtaki, og ber
honum í þessu tilliti að breyta nákvæmlega eptir fyrirmælum 2. greinar umburðarbrjefs
landshöfðingja frá 16. maí 1876 (stjórnartíð. s. á. B. 51) sbr. opið brjef 21. maí 1829.
Að öðrum kosti skal hann sjálfur svara til skuldarinnar.

3. Þó að leiguliði gjaldi í landaurem skal umboðsmaður ætíð borga tekjur
umboðsins í peningum samkvæmt þeirri verðhæð, sem er á sjerhverri vörutegund í verð-
lagsskrá þeirri, er ræður á rjettum gjalddaga.

4. Samkvæmt 4. og 6. gr. reglugjörðar um reikningsskil frá 13. febr. 1873 og 3.
grein umburðarbrjefs frá 16. maí 1876 (stjórnartíð. s. á. B. 51,) sbr. brjef 20. oktbr. 1880
(B: 157) stafl. D. ber honum að afgreiða tekjur umboðsins jafnskjótt og þær gjaldast
annaðhvort með peningum í jarðabókarsjóð eða með ávísun gefinni út beinlínis handa ráð-
gjafanum fyrir Ísland upp á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn. Skal gefa út
hverja ávísun í 2 samritum og senda 1. samritið (prima) landshöfðingja með fyrstu póst-
ferð, eptir að ávísunin er gefin út.